Brèf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna). **46** 5ta desbr.

Með þessu brèfi er eptir beiðni forstöðumanns forngripasafnsins, inspektors Jóns Árnasonar, og samkvæmt meðmælum stiptsyfirvaldanna veittr tèðu safni 100 rd. styrkr úr landssjóði, af fè því, sem veitt er til ýmislegra óvissra útgjalda á þessu reikningsári[1].

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu). **47** 5ta desbr.

Með brèfi herra amtmannsins frá 24. f. m. meðtók eg tvíritaðan reikning sýslumannsins í Árnessýslu yfir kostnaðinn við skoðun og útvísunargjörð til nýbýlis handa landlækni dr. Jóni Hjaltalín í Sleggjubeinsdal á síðastliðnu sumri, og er kostnaðr þessi talinn 15 rd. Þèr skýrið í brèfinu frá, að þèr hafið áðr, en þessi reikningr var sendr yðr, svarað sýslumanninum, þá er hann spurði yðr um það, eptir hverjum reglum hinn umræddi kostnaðr ætti að greiðast, á þá leið, að sýslumaðrinn hefði rètt til að reikna sèr borgun eptir 15. grein aukatekjureglugjörðarinnar, en að þar á móti ætti að ákveða laun skoðunarmannanna eptir 8. grein í tilsk. 15. apríl 1776, en síðan hafið þèr við nýja og ýtarlegri íhugun komist að raun um, að það sè vafasamt, hvort sýslumaðrinn geti reiknað sèr dagpeninga og ferðakostnað eptir aukatekjureglugjörðinni, því þó orðin í hinni nefndu grein hennar «þetta gildir . . . . eðr önnur gjörð, í hverri einskis dóms er óskað» nái einnig til útvísunargjörða til nýbýla, muni þó rèttara að álíta, að hinar sèrstaklegu ákvarðanir tilskipunarinnar frá 1776 sèu eigi numdar úr gildi með aukatekjureglugjörðinni. Loksins hafið þèr tekið fram, að það virðist að minsta kosti auðsætt, að sýslumaðrinn geti ekki, eins og gjört hefir verið í upphaflega nefndum reikningi, talið sèr borgun að nokkru leyti eptir tilskipun 1776 og að nokkru leyti eptir aukatekjureglugjörðinni, enda hafi kansellíbrèf frá 5. oktbr. 1839 og rentukammerbrèf frá 25. janúar 1840 gjört ráð fyrir, að sýslumönnum beri einungis borgun fyrir gjörðir þær, sem sè um að ræða, eptir tilskipun 1776.

Af þessu tilefni skal yðr tjáð, að landshöfðingínn er yðr samdóma í því, að ákvörðunum þeim, sem 8. grein tilskipunar 15. apríl 1776 hefir inni að halda um borgun af konungssjóði fyrir útvísunargjörðir, er sýslumaðrinn fremr eptir fyrirmælum amtmanns, hafi eigi í neinu tilliti verið raskað með aukatekjureglugjörðinni 10. septbr. 1830, enda hefði, ef svo væri, átt að fara með þetta mál eptir 13. gr. reglugjörðarinnar um kostnað í opinberum málum, og eigi eptir 15. gr. hennar.

Samkvæmt tilskipun frá 1776 verðr kostnaðrinn við nýbýlis útvísun þá, sem hèr er um að ræða, því 5 rd. til sýslumanns og 3 rd. 32 sk. til áreiðar- og skoðunarmanna, og fylgir þessu brèfi til þóknanlegrar ráðstafanar herra amtmannsins jarðabókarsjóðsávísun með 2 fylgiskjölum á þessar upphæðir, samanlagðar 8 rd. 32.

Brèf landshöfðingjans (til póstmeistarans). **48** 8da desbr.

Með þessu brèfi var meðal annars tilkynt póstmeistaranum, að burðargjald það, sem greiða skal sèrstaklega hinni dönsku póststjórn fyrir böggla- og peningasendingar til Noregs og Svíþjóðar, verði frá 1. janúar 1875 þetta:

1. Undir peningabrèf og póstkröfuskýrteini:
   a, gjald eptir vikt: 16 aurar fyrir brèfið.

---

1) Forngripasafninu var fyrst með brèfi 5. marz 1870 veittr 500 rd. styrkr, og síðan samkvæmt bænarskrá alþingis 1871 með 7. grein fjárhagsáætlunarinnar fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, 200 rd.

Hinn 31. desember 1874.

B Reykjavík 1874. Prentari: Einar Þórðarson.